

frekari rannsóknar við varðandi andlegt og líkamlegt heilbrigðis-
ástand kærða.

Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, verður
að telja, að ætla megi, að kærði haldi áfram og gerist sekur um
fleiri afbrot en hann hefur til þessa játað að hafa framið og
er grunaður um, ef hann yrði nú látinn laus.

Þykir því að framansögðu bera nauðsyn til með vísun til 1.
og 5. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða,
Edward Roger Kolbeinn Andrésson, til þess að sæta gæzluvarð-
haldi í allt að 60 dögum, meðan rannsókn málsins er ólokið.

Þá þykir einnig nauðsyn bera til að úrskurða kærða til þess
að sæta geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Því úrskurðast:

Kærði, Edward Roger Kolbeinn Andrésson, sæti gæzluvarð-
haldi í allt að 60 dögum.

Kærði gangi jafnframt undir geðrannsókn innan marka
gæzluvarðhaldstímans.

Mánudaginn 26. apríl 1971.

Nr. 36/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Bjarna Guðlaugi Hannessyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í skýrslu Hjálmars Eypórssonar lögreglumanns, sem vitni
hafa staðfest rétta, segir m. a.: „Er komið var norður fyrir
Viðidalsárbrú, sást til bifreiðar skammt á undan. Lítils háttar

snjófól var á veginum og hjólför bifreiðarinnar, sem á undan ók, óeðlilega hlykkjótt. Á melunum vestan við Lækjamót var komið fram á bifreiðina, sem hafði ekið á undan, er var H 212“.

Að öðru leyti eru málsatvik nægilega rakin í héraðsdómi, sem eftir atvikum þykir rétt að staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja, en brot ákærða eru réttilega heimfærð til lagaákvæða í hinum áfrýjaða dómi, sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. nú áfengislög nr. 82/1969.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Allmikill dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa í héraði, en þó þingað svo í því, eins og vikið er að í héraðsdómi, að sök er ófyrnd, sbr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða í héraði var Gestur Eysteinnsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Bjarni Guðlaugur Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 13. ágúst 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 13. ágúst kl. 1400, var í sakadómi Húnavatnssýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Blönduósi af Birni Helgasyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í

sakadómsmálinu nr. 2/1969: Ákærvaldið gegn Bjarna Hannessyni, sem tekið var til dóms 23. júlí s.l.

Mál þetta er með ákærskjali saksóknara ríkisins, dags. 7. janúar 1969, höfðað á hendur Bjarna Hannessyni, Nautabúi, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 29. október 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 212 frá samkomuhúsinu Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu sem leið liggur áleiðis til Blönduóss, allt þar til lögreglan stöðvaði hann á þjóðveginum við Lækjamót í Þorkelshólshreppi, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur að Undirfelli í Vatnsdal 5. júlí 1942, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 29. október 1967 voru lögreglumenn í Húnavatnssýslu á leið til Blönduóss í lögreglubifreiðinni H 696 frá samkomuhúsinu í Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu, en þar hafði verið haldinn dansleikur um kvöldið. Á melunum vestan við bæinn Lækjamót óku þeir fram á bifreiðina H 212, sem lagt hafði verið við hægri vegarbrún. Er þetta gerðist, var klukkan 0310.

Ákærði, Bjarni Hannesson, Nautabúi, Vatnsdal, sat undir stýri, og var hann einn í bifreiðinni, að sögn lögreglumannanna. Lögreglumönnum virtist ákærði vera sýnilega mikið undir áhrifum áfengis, og hafi lagt sterkan þef af vitum hans. Lögreglumennirnir höfðu séð ákærða á samkomunni í Víðihlíð fyrir um kvöldið og töldu hann þá hafa verið alldrúkkinn. Hafði hann lent þar í áflogum, og var vinstra auga hans bólguþokkið og byrjað að blána.

Var nú ákærði tekinn með í lögreglubifreiðina og ekið til Blönduóss, þar sem fyrirhugað var að taka blóðsýnishorn af ákærða. Í rannsókn málsins í sakadómi síðar kom fram, að ákærði hafi beðið um alkótestprufu, en lögreglumennirnir neitað því og talið það ástæðulaust, þar sem þeir töldu engum vafa undirorpið, að ákærði væri ölvaður. Þegar komið var að sjúkrahúsinu á Blönduósi og afturhurð lögreglubifreiðarinnar var opnuð fyrir

ákærða, brá hann hart við og tók á rás niður að Blöndu. Áður hafði ákærði farið úr skónum, og skildi hann þá eftir í lögreglubifreiðinni. Lögreglumönnum tókst ekki að hefta för ákærða, og komst hann yfir Blöndu á snjóbrú og hvarf lögreglumönnum sjónum, en Blanda rann á milli hárra fannskara. Var ákærða leitað lengi, en fannst ekki. Morguninn eftir var hans enn leitað, en án árangurs. Þann sama dag um kl. 1320 kom ákærði svo á skrifstofu lögreglunnar á Blönduósi. Var hann þá allsgáður, en dauf vínlykt af honum. Hugðist lögreglan þá láta taka blóðsýnishorn af ákærða, en læknir var þá ekki viðlátinn, og varð því ekki af töku blóðsýnishorns.

Hinn 3. nóvember 1967 komu fyrir sakadóm sem vitni lögreglumennirnir Hjálmar Eyþórsson og Sveinn Þórarinsson, báðir til heimilis á Blönduósi, og einnig Þorleifur Arason, Blönduósi, sem var farþegi í lögreglubifreiðinni umrætt skipti.

Unnu vitnin öll eið að ofangreindum framburði. Einnig kom fram, að ákærði hafði verið stilltur og kurteis á leiðinni til Blönduóss, og kom því brotthlaup hans alveg á óvart. Vitnið Hjálmar Eyþórsson kveðst hafa kallað aðvörunarorð til ákærða og jafnframt skipað að hætta eftirförinni, ef það mætti verða til þess, að ákærði færi ekki yfir ána.

Hinn 4. desember 1968 kom ákærði fyrir sakadóm. Óskaði hann eftir tveggja daga fresti til að ráðfæra sig við lögfræðing. Varð dómari við þeirri beiðni.

Hinn 7. desember 1968 kom ákærði aftur fyrir sakadóm og kvaðst þá neita að svara spurningum varðandi málið, en áskilja sér rétt á vörn í málinu.

Hinn 25. febrúar 1969 var ákærða birt ákæruskjal, dags. 7. janúar 1969. Ákærði óskaði eftir því, að Gestur Eysteinnsson lögfræðingur, Guðrúnarstöðum, Vatnsdal, yrði skipaður verjandi sinn.

Hinn 21. ágúst mætti í sakadómi verjandi ákærða og Hjálmar Eyþórsson lögregluþjónn sem vitni í málinu.

Tilfnið var það, að verjandinn hafði óskað eftir framhaldsrannsókn í málinu og að eftirtalin atriði yrðu athuguð:

1. Hvort bifreið sú, sem skildi eftir sig hin óeðlilega hlykkjóttu hjólför, var sannanlega H 212. Sakborningur telur, að ekki hafi verið snjóföf á veginum. Umferð á veginum var af kunnnum ástæðum mjög mikil, áður en lögreglumenn fóru þar um.

2. Hvers vegna neituðu lögreglumenn Bjarna um alkótestprufu

þrátt fyrir ákveðna beiðni Bjarna um, að hún yrði tekin af honum, svo að ekki þyrfti að ómaka hann til Blönduóss?

3. Hvers vegna litu lögreglumenn ekki inn í H 212 og gengu úr skugga um það, hvort Bjarni hefði ekið bílnum eða einhver annar?

4. Telja verður ástæðu til að ætla af ónefndum ástæðum, að vitnið Þorleifur Arason vilji klekkja á Bjarna, og því ástæða til að kanna hug hans nánar um það atriði.

Vitnið Hjálmar Eypórssson svaraði framantöldum atriðum sem hér segir:

1. Að hann sé sannfærður um, að hjólförin hafi verið eftir bifreiðina H 212.

2. Að það sé rétt, að Bjarni hafi beið um alkótestprufu, en hann hafi neitað því, þar sem hann taldi ekki ástæðu til þess, þar sem hann var þess fullviss, að Bjarni væri ölvaður.

3. Að hann sé þess fullviss, að enginn annar en ákærði hafi verið í bifreiðinni, nema þá falinn, en eitthvað af drasli hafi verið aftur í bifreiðinni, bæði í sætinu og á gólfinu. Ákærði hafi setið undir stýri, þegar lögreglumenn komu að bifreiðinni.

4. Að honum sé ekki kunnugt um, að fjandskapur hafi verið með ákærða og vitninu Þorleifi Arasyni.

Að þessu loknu óskaði verjandi ákærða ekki eftir, að fleiri vitni yrðu kölluð fyrir, og óskaði ekki eftir frekari rannsókn í málinu.

Hinn 23. júlí s.l. skilaði verjandi ákærða vörn í málinu, og var málið dómtekið samdægurs.

Gerir verjandi þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður í málinu og sér verði dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Rökstyður verjandi kröfu sína í fyrsta lagi með því, að ekki sé sannað, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreið sinni frá samkomuhúsinu í Víðihlíð að Lækjamóti, og gefur í skyn, að einhver annar kunni að hafa gert það. Í öðru lagi, að það sé heldur ekki sannað, að ákærði hafi verið í því ástandi vegna áfengisneyzlu, að honum væri saknæmt að aka bifreiðinni.

Að því er snertir fyrri varnarástæðu verjanda, ber að geta þess, að ákærði sat sjálfur undir stýri bifreiðar sinnar, er lögreglumenn komu að, og enginn annar var sjáanlegur í bifreiðinni.

Hafi einhver annar ekið bifreiðinni, var ákærða í lófa lagið að benda á hann. Hins vegar kaus ákærði að neita að svara spurn-

ingum dómara, sbr. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, enda þótt dómari kynnti ákærða rækilega efni nefndrar lagagreinar og benti honum á, að þögn hans kynni að verða skýrð honum í óhag. Verður því að telja nægilega sannað, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreið sinni í umrætt skipti.

Það athugist varðandi ákæruskjal, að lögreglan stöðvaði ekki bifreið ákærða, heldur var bifreiðin kyrrstæð, er lögreglan kom að, eins og áður hefur komið fram.

Eins og að framan er rakið, tókst ekki að taka blóðsýnishorn af ákærða, og er þar eingöngu um að kenna brotthlaupi ákærða sjálfs. Ber að átelja það framferði ákærða.

Þrjú vitni, lögreglumennirnir Hjálmar Eyþórsson og Sveinn Þórarinsson og Þorleifur Arason vélvirki, hafa borið, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt skipti, og hafa öll staðfest framburði sína með eiði. Verður því að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti, enda ómótmælt af ákærða, sem kaus að neita að svara spurningum.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í nefndu ákæruskjali. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til ríkissjóðs og til vara komi 8 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til ökuleyfissviptingar í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja. Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu, þar með málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gests Eysteinsonar lögfræðings, kr. 4.000.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppsögn, stafar að nokkru af önnum hins reglulega dómara og að nokkru af því, að dregizt hefur, að skipaður verjandi skilaði vörn í málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Hannesson, greiði 5.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur ökuréttindum í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. apríl 1971.

Nr. 126/1970. Íslenzkir Aðalverktakar s/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóni Friðriki Oddssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. júní 1970, birtri 31. ágúst 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. september 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 612.258.00 með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum kr. 47.517.00.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var gagnáfrýjandi iðnlærður bifvélavirki, en samstarfsmaður hans hafði eigi iðnréttindi. Bar gagnáfrýjanda því sérstaklega að gæta öryggis við verk það, sem unnið var í umrætt sinn, meðal annars sjá til þess, að þurrkuð væri upp olía af verkstæðisgólfinu, ef um slíkt var að tefla og orsakaði hættu. Slys það, sem um er fjallað í máli þessu, verður ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, bilunar á tækjum aðaláfrýjanda, handvammur starfsmanna